



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Gjaldskrá fyrir kattahald í þéttbýli

Rangárþings eystra

1. gr.

Skrá skal alla ketti í þéttbýli Rangárþings eystra skv. 3. mgr. 2. gr. samþykktar um kattahald í Rangárþingi eystra. Skráningargjald skal vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 8. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.000 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra með tilvísun til heimildar í samþykkt nr.155/2006 um kattahald í Rangárþingi eystra frá 10. febrúar 2006. Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2008

Hvolsvelli, 16. desember 2011

f.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra

Ísólfur Gylfi Pálmason
sveitarstjóri